

**Nd. 275. Frumvarp til laga [126. mál]**

um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

Frá fjárhagsnefnd.

**1. gr.**

Heimild 1. gr. laga nr. 59 7. maí 1946 til sérstakra afskrifta skal einnig ná til eigna af þeirri tegund, sem þar eru taldar og teknar verða í fyrstu notkun á árunum 1951, 1952 og 1953.

Öll önnur ákvæði fyrrgreindra laga gilda einnig um þessar eignir.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum fjármálaráðuneytisins, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

„Með lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir, var heimilað að hækka verulega afskriftir ýmissa framleiðslutækja, sem tekin voru í fyrstu notkun árin 1944—1948.

Með lögum nr. 15 16. marz 1949 var ákveðið, að þessi heimild til sérstakra afskrifta skyldi einnig ná til eigna, sem teknar yrðu í fyrstu notkun árin 1949 og 1950. Þar sem enn er mikil nauðsyn að afskrifa framleiðslutæki þessarar tegundar, er lagt til með þessu frumvarpi, að ákvæði laganna frá 1946 verði einnig látin ná til sams konar eigna, sem teknar verða í fyrstu notkun á árunum 1951—1953 incl.“